

**Mál nr. 115 /2016**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A.**

**Stúlka brotnaði á báðum fótleggjum fyrir fimleikaæfingu þ. 28.6.2011**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 3.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 22.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2

**Málsatvik.**

M var ásamt fleiri stúlkum í sal íþróttahúss og var fimleikaæfing um það bil að hefjast. M var á trampólíni þegar þrjár stúlkur stukku niður á hana og M fótbrotnaði á báðum fótum. Gæslumaður í íþróttahúsinu sagði að fólki væri ekki heimilt að fara inn í íþróttasalinn áður en þjálfari kæmi og hleypti þeim inn, en samt hefðu fimm stúlkur gert það, en gæslumaðurinn hafi sagt að þær mættu ekki vera í salnum, en þær hefðu samt farið inn og lokað á eftir sér. Stúlkurnar sem voru ásamt M í salnum í umrætt sinn sögðu að þær hefðu verið að skjóta hvor annarri upp í loftið af trampólíni og yfir á dýnu við hliðin og sögðu að slysið hefði átt sér stað þegar þær stukku inn á trampólínið. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V í ljósi aldurs stúlkanna, en M var á fjórtánda ári þegar slysið varð, reynslu þeirra af fimleikum og vanrækslu starfsmanns íþróttahússins. M vísar til 14.gr. íþróttalaga nr. 64/1998. Þá vísar M til þess að starfsmaðurinn hafi vitað af stúlkunum inni í íþróttasalnum og ekki hafi verið fylgt fyrirmælum um að börn væru ekki eftirlitslaus í salnum. M byggir á almennu sakarreglunni og meginreglunni um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til sakar A eða starfsmanna A auk þess sem tjón M sé ekki sennileg afleiðing af meintri háttsemi starfsmanns A. V vísar til þess að stúlkurnar sem fóru í leyfisleysi inn í íþróttasalinn hafi verið á fjórtánda ári og höfðu æft fimleika í íþróttahúsinu í mörg ár og hafi þekkt umgengnisreglur í húsinu mjög vel. M og þær stúlkur sem með henni voru hafi brotið gegn fyrirmælum starfsmanns og umgengnisreglum hússins og hljóti að bera ábyrgð á þeirri háttsemi sjálfar. Þá vísar V til þess að ekki sé sýnt fram á að starfsmaðurinn hafi ekki uppfyllt þau skilyrði um gæslu og eftirlit í íþróttahúsinu sem fram komi í lögum nr. 64/1998. Þá vísar V til þess að tjón M geti ekki talist sennileg afleiðing af háttsemi starfsmanns A.

**Álit.**

Í umrætt sinn voru stúlkur sem orðnar voru fjórtán ára eða á fjórtánda ári að bíða eftir að hefja fimleikaæfingu, en upplýst er og ómótmælt að þær hafi þá æft fimleika svo árum skipti og þekkt vel til aðstæðna í umræddu íþróttahúsi og þeirra reglna sem þar giltu. Fram kemur einnig að M og þeim stúlkum öðrum sem fóru inn í íþróttasalinn áður en æfingin hófst hafi verið bent á að þeim væri það ekki heimilt, en þær hafi ekki látið sig það nokkru skipta. Ekki er sýnt fram á að aðstaða eða aðstæður í íþróttasalnum eða húsinu hafi verið óviðunandi eða hættulegar og þá verður ekki á það fallist miðað við aðstæður og aldur stúlkanna að gæslumaður íþróttahússins hafi sýnt af sér saknæma vanrækslu í umrætt sinn eða mátt ætla að M gæti orðið fyrir slysi eins og því sem um ræðir. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 7.6.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.